



Fundargerð 3. stjórnarfundar AKÍS 2024-2025

Staður og tími: Zoom 26. mars 2024 kl. 19:30

Mættir aðalmenn: Jón Þór Jónsson (JPJ), Tryggvi Magnús Þórðarson (TMB), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Baldvin Hansson (BH), Ari Halldór Hjaltason (AHH).

Mættir varamenn: Halldór Viðar Hauksson (HVH), Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR) Valdemar Johnsen (VJ).

Fundinn sat einnig Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS) starfsmaður sambandsins.

Fjarverandi: Páll Jónsson (PJ), Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS).

HKS ritaði fundargerð.

1. Ráðningarsamningur

Ráðningarsamningur er í vinnslu. Stefnt er að því að ráðningarsamningur taki gildi 1. apríl 2024. JPJ gengur frá samningi og leggja fyrir stjórn til samþykktar.

2. Þagnarskylda

Rætt var að stjórn gæti að þagnarskyldu við störf sín og skrifi undir yfirlýsingu um þagnarskyldu um viðkvæm mál. Samþykkt að senda til undirritunar með rafrænum hætti.

3. Styrkveitingar

Stjórn ræddi fyrstu styrkveitingu ársins 2024. Samþykkt að auglýsa eftir umsóknum um styrki fyrir *Tæki og uppbyggingu* annars vegar og *Barna- og unglíngastarf* hinsvegar. Sendur verður kynningarpóstur til aðildarfélaga 27. mars 2024 og er loka frestur til umsóknar 1. maí 2024.

JPJ lagði til breytingu á 12. gr. reglna um úthlutanir styrkja.

Í gildandi reglum stendur:

12. Styrkir eru greiddir út í tvennu lagi. Fyrri helmingur við samþykkt verkefnis og síðari helmingur þegar þegar skýrsla um verklok hefur borist AKÍS og stjórn samþykkt.

Eftir breytingu mun standa::

12. Styrkir eru greiddir út í tvennu lagi. Fyrri helmingur við upphaf verkefnis og síðari helmingur þegar skýrsla um verklok hefur borist AKÍS og stjórn hefur samþykkt. Verkefni skal bæði hefjast og ljúka á styrkveitingarárinu.

Tillagan var samþykkt og verða breyttar reglur birtar á heimasíðu AKÍS áður en auglýsing um styrkbeiðnir verður birt.



4. Hermiakstur

Umræða um skipan keppnisráðs í hermiakstri. Samþykkt að senda til aðildarfélaga sem halda hermiakstur óskir um tilnefningar í keppnisráð í hermiakstri.

Norðurlandamót í hermiakstri

TMP fór yfir hvernig framkvæmdin er. Keppt er í Rallycrossi og Formúlu 4. Tímatökur eru í gangi. Stefnt er að því að senda fimm einstaklinga frá Íslandi. Keppnin verður haldin 27. apríl 2024 í Svíþjóð.

5. Öryggisráð

BH og AHH fóru yfir reglur um öryggisráð og lögðu fram tillögur að breytingum. Stjórn samþykkir breytingar á reglugerð um öryggisráð. Uppfærðar reglur verða birtar á vef AKÍS.

Sendur verður póstur til aðildarfélaga og óskað eftir tilnefningum í öryggisráð.

6. Fulltrúar AKÍS í keppnisráðum

Sendur verður póstur til aðildarfélaga og óskað eftir tilnefningum í keppnisráð.

7. Námskeiðahald

Dagsetningar fyrir verklega hluta keppnisstjóra- og dómnefndanámskeiða liggja fyrir og verða auglýstar á heimasíðu sambandsins á næstunni.

8. Reglugerð um keppnishald

Umræða um skil á skýrslum frá dómnefndum og öryggisfulltrúum á keppnum. Berist skýrslur ekki samkvæmt reglum á komandi keppnistímabili verður óskað eftir þeim sérstaklega.

9. Keppnisráð

Staðfest að Traktors torfæra heyri undir *Keppnisráð í torfæru* og Hill climb heyri undir *Keppnisráð í hringakstri*.

10. Dómaraskírteini í drifti

Formaður kynnir netnámskeið í drifti á vegum FIA sem rétt er að beina þeim að sem sækjast eftir alþjóðlegri viðurkenningu á réttindum til dómgæslu í greininni. Seta á þessu námskeiði getur verið forsenda skírteinis til staðfestingar á réttindunum.

11. Önnur mál

Stjórn samþykkir að fela TMP að vinna að málum sem varða endurskoðun reglugerðar um akstursíþróttir.



Næsti fundur: fjarfundur 9. apríl kl. 19:30.

Fundi slitið kl. 21:33.